

Sþ.

178. Tillaga til þingsályktunar

[122. mál]

um hönnun bygginga á vegum ríkisins.

Flm.: Páll Pétursson, Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvort ekki væri hagkvæmt að koma á fót teiknistofu ríkisins. Teiknistofu þessari yrði fallin hönnun bygginga á vegum ríkisins, svo sem sjúkrahúsa, skólamannvirkja, íþróttamannvirkja og hvers konar annarra þeirra mannvirkja, er ríkið kostar að miklum hluta.

Greinargerð.

Þegar fjárlög eru sett hverju sinni eru ákvarðaðar upphæðir til einstakra þátta í framkvæmdum á vegum ríkisins. Þörfin er alltaf brýn fyrir mikið fjármagn, en það takmarkast af getu hverju sinni. Það er eðlilegt að íhuga hvernig fjármagnið nýtist sem best við hvert verkefni. Einn af fjárfrekum þáttum eru opinberar byggingar, svo sem skólamannvirki og sjúkrahús. Það vekur athygli þegar kostnaðar-áætlanir þessara framkvæmda eru athugaðar, hve hönnunarkostnaður er geysilegur þáttur í heildarkostnaði. Ekki bætir það úr skák að hönnunarkostnaður er reiknaður sem ákveðinn hundradshluti af heildarkostnaði mannvirkis. Sú aðferð virðist illa til þess fallin að ítrustu hagsýni sé gætt við hönnunina, þannig að byggingarnar séu gerðar sem ódýrastar.

Flestar þessar opinberu byggingar eru nú hannaðar af einkaaðilum. Við Íslendingar eigum marga listfenga arkitekta, hugvitssama verkfræðinga og hæfa tækni-fræðinga, en sú þjónusta, sem ríkið kaupir af þeim, er greidd með miklu fé. Þess vegna er eðlilegt að leitað sé leiða til þess að lækka hönnunarkostnaðinn.

Teiknistofnun landbúnaðarins (áður Teiknistofa landbúnaðarins) hefur verið rekin um langan aldur. Stofnunin hefur hannað langflestar byggingar í sveitum landsins og er óhætt að fullyrða, að hún hafi í megindráttum gegnt hlutverki sínu mjög vel og sparað bændum marga milljónatugi með því að láta þeim í té góðar teikningar gegn vægu gjaldi. Vegna þess, hve sú stofnun er öflug, er mjög fátítt að bændur leiti til annarra aðila um hönnun mannvirkja.

Húsnæðismálastofnun hefur lengi rekið teiknistofu, hún heitir nú tæknideild. Um þá starfsemi gildir hið sama og um Teiknistofnun landbúnaðarins, að hún hefur gegnt hlutverki sínu með prýði og fjöldi húsbýggjenda hefur fengið þar ódýrar og góðar teikningar sér til mikilla hagsbóta.

Fyrr á árum var stofnsett embætti húsameistara ríkisins. Húsameistari ríkisins mun um langt skeið hafa hannað mestan hluta opinberra bygginga, mjög margar þeirra með hinni mestu prýði, og mun þáttur þeirrar stofnunar hafa haft mjög verulega þýðingu við það að nýta takmarkað fjármagn vel. Á síðari árum og með fjölgandi verkefnum á vegum ríkisins hefur embætti húsameistara, en það starfar nú samkv. reglugerð nr. 259/1973, haft með höndum minni hluta af hönnun opinberra bygginga en áður var, og hefur þó stofnunin talsverðu starfsliði á að skipa. Jafnframt hefur hluti hönnunar í heildarkostnaði opinberra bygginga aukist mjög.

Þess vegna telja flm. nauðsynlegt að athugað verði, hvort myndun nýrrar teiknistofu, hugsanlega í einhverjum tengslum við embætti húsameistara ríkisins, væri ekki tímabær, — öflugrar stofnunar er gæti annað hliðstæðu hlutverki og Teiknistofnun landbúnaðarins og tæknideild Húsnæðismálastofnunar.